# Skipalækur 1, Fellabær Múlaþing

***Úttektarskýrsla minjavarðar***

Þuríður Elísa Harðardóttir
2023

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland



*Höfundur*
*Þuríður Elísa Harðardóttir*

*Ljósmynd á forsíðu*
Loftmynd af svæðinu frá 1967 frá Landmælingum

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

**Minjastofnun Ísland**
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

# Efnisyfirlit

**1. Aðdragandi vettvangsferðar .... 4**

**2. Niðurstöður .... 4**

**3. Heimildaskrá .... 5**

## Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
*2956*

Tilgangur úttektar:
*Fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir*

Staðsetning:
*Skipalækur 1*

GPS:
*712963.982,539061.325*

## 1. Aðdragandi vettvangsferðar

Minjastofnun Íslands barst ofangreint svæði til umsagnar. Þar sem ekki liggur fyrir skráning fornleifa, húsa og mannvirkja innan svæðisins kynnti minjavörður sér fyrirliggjandi svæði til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari gögnum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda eða afgreiða aðal- eða deiliskipulag án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Byggingarreiturinn er staðsettur á sléttri grasflöt og hefur svæðið verið nýtt síðustu ár sem hluti af tjaldstæði Skipalæks. Tré hafa verið gróðursett til vesturs og norðurs og rennur Skipalækur norðan við reitinn. Loftmynd frá miðri síðustu öld gefur til kynna að svæðið hafi verði hluti af túni en engin hús stóðu innan þess. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til minja innan byggingarreitsins.



Mynd 1 – Úttektarsvæðið.

## 2. Niðurstöður

Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins né benda heimildir til þess að minja sé að vænta innan þess. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt

að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

## 3. Heimildaskrá

Ármann Halldórsson. (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*. Búnaðarsamband Austurlands.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*. https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn

Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir. (1997). *Fornleifaskráning í Fellahreppi*. Fornleifastofnun Íslands.

Skipulagsvefsjá Múlaþings. https://www.map.is/mulathing